

Skýrsla
starfshóps um starfsumhverfi frístundabáta á sviði
fiskveiðistjórnar

Desember 2008

1. Inngangur

Þann 20. febrúar 2008 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem samkvæmt skipunarbréfi hafði það hlutverk að fara yfir starfsumhverfi frístundabáta á sviði fiskveiðistjórnar og greina hvort og með hvaða hætti unnt er að taka tillit til sérstöðu útgerðar frístundaveiðibáta enda sé tryggt að stuðlað sé að markmiðum fiskveiðistjórnunarlaganna um nýtingu og verndun nytjastofna sjávar. Samkvæmt skipunarbréfi var gert ráð fyrir að hópurinn skilaði niðurstöðum sínum að hausti 2008. Starfshópurinn skipuðu Arnbjörg Sveinsdóttir, alþingismaður, sem er formaður starfshópsins, Hrefna Gísladóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Eyþór Björnsson, Fiskistofu, Elías Guðmundsson, Hvíldarkletti ehf., Finnur Jónsson, Sumarbyggð ehf. og Eydís Aðalbjörnsdóttir, Samtökum ferðapjónustunnar. Hrefna Gísladóttir fór í leyfi í september 2008 og í hennar stað kom Steinar Ingi Matthíasson, skrifstofustjóri, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Hópurinn kom saman þrisvar sinnum um vorið 2008. Hlé varð á vinnunni vegna sumarleyfa en þráðurinn var tekinn upp að nýju um haustið og voru fundirnir samtals 7.

Í upphafi var lögð áhersla á að fá yfirsýn yfir þá aðila í ferðapjónustu sem í dag bjóða sjóstangaveiði í því skyni að meta stöðuna. Í ljós kom að flokka mátti þessa aðila í fjóra flokka. Þeir eru:

1. Veiðar á frístundafiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni.
2. Bátaleigur sem bjóða viðskiptavinum sínum jafnframt að leigja sjóstöng.
3. Farþegaskip/hvalaskoðunarskip sem m.a. bjóða sjóstangaveiði.
4. Strandveiði.

Við nánari skoðun og umræður voru allir sammála um að hluti þessara aðila stunda veiðar í svo litlu magni að ekki er tilefni til, að svo stöddu, að búa til sérstakt kerfi til að halda utan um þær veiðar. Tekin var ákvörðun um að skipta ferðapjónustuaðilum í tvo flokka. Annar flokkurinn nær til aðila í ferðapjónustu sem í dag bjóða ferðir til veiða á frístundafiskiskipum (Sumarbyggð og Hvíldarklettur) þ.e. markvist eru stundaðar fiskveiðar. Hinn flokkurinn nær til þeirra sem bjóða blandaðar ferðir þar sem sjóstangaveiði er óverulegur þáttur í þeim ferðum sem í boði eru. Enn fremur var tekin ákvörðun um að halda strandveiði utan við viðfangsefnið.

2. Frístundaveiðar í ferðapjónustu

Frístundaveiðar er sjávertengd ferðapjónusta sem vaxandi eftirspurn er eftir. Ísland er eftirsótt ferðamannaland og hefur alla burði til að geta orðið leiðandi í sjávertengdri ferðapjónustu.

Ferðapjónustan hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár og er orðin ein af megin atvinnugreinum þjóðarinnar og hefur ýmsa möguleika til að eflast enn frekar.

Ferðapjónustan hefur jafnframt verið einn helsti vaxtarbroddur og drifkraftur atvinnulífs og atvinnuþróunar á landsbyggðinni og henni fylgir meiri fjölbreytni í framboði á þjónustu, afþreyingu og menningu en ella væri. Til þessa hefur samt langtum stærsti hluti ferðamanna verið á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni við það. Frístundaveiðar á Íslandi er ný tegund ferðapjónustu hér við land. Í þeirri þjónustu felast mikil tækifæri fyrir sjávarbyggðir.

2. 1 Vestfirðir frumkvæði og forysta

Veiðar á frístundafiskibátum eins og þekkjast í dag hófust á Vestfjörðum árið 2006. Þá hafði undirbúningur staðið um nokkurra missera skeið og stefnt á sama markað og t.d. Norðmenn og Danir hafa sótt á meðal sjóstangveiðimanna í Þýskalandi, en það eru þeir veiðimenn sem fara til útlanda oftast í vikuferð til veiða á sjóstöng á báti sem leigður er í þeim tilgangi og alfarið er undir stjórn leigutaka. Í nefndum löndum eru veiðar þessar stundaðar á litlum bátum, undir 6 metrum, með untanborðvél. Vegna reglna um nýtingu auðlindarinnar varð að nota íslenskt fiskiskip.

Með starfi Samgöngu- og sjávarútvegsráðuneyta og stofnana þeirra, einkum Fiskistofu og Siglingastofnunar, varð til skilgreindur fiskibátur, frístundafiskibátur. Bátur þessi skyldi vera minni og meðfærilegri en handfærabátar sem þá voru smíðaðir. Vél bátsins skyldi ekki vera stærri en 100 kw, rafkerfi einfalt og allur stjórnbúnaður við það miðaður að þeir sem kæmu til með að nota bátinn væru útlendingar sem kæmu til einnar viku dvalar. Ekki var í neinu slakað á öryggiskröfum við smíðina enda báturinn smíðaður skv. reglum um smíði íslensks fiskiskips. Frístundafiskibáturinn er síðan með leyfi í krókaflamarkskerfinu og þarf veiðiheimildir fyrir þeim afla sem á land er dreginn. Fyrirtækin í dag á Vestfjörðum eru tvö, Sumarbyggð ehf. sem hefur aðsetur á Súðavík, Tálknafirði og Bíldudal. Hitt fyrirtækið er Hvíldarklettur ehf. sem hefur aðsetur á Suðureyri og Flateyri.

Þessi fyrirtæki hafa skapað jákvæða ímynd sem mikilvægt er að halda. Jákvæða ímyndin felst bæði í mjög miklum gæðum í gístiaðbúnaði gesta, öryggiskröfum sem gerðar eru og síðast en ekki síst fámenninu og friðsældinni í þorpunum.

Fyrirtækjunum er ekki heimilt að veiða án aflaheimilda og eru þess vegna í samkeppni við aðra um þær. Sumir smábátæigendur hafa ekki viljað þessa frjálsum samkeppni og jafnvel óskað þess að fyrirtækin veiddu utan kvóta en það er ekki líklegt að sátt verði um það að sumir geti veitt takmarkaða auðlind án aflaheimilda. Öll sjóstangaveiðimót sem haldin eru á Íslandi, veiða umtalsvert magn án þess að aflin teljist til aflamarks eða krókaflamarks og er ekki alfarið sátt um það.

2.2 Öflug byggðastefna

Verkefnið "Marine-Based Employment Opportunities (MBEO)", sem aðilar frá Íslandi, Írlandi og Noregi eiga aðild að, fékk nýlega forverkefnisstyrk frá Norðurslóðaáætluninni (NPP). Verkefnið snýst um sjávertengda ferðaþjónustu. Að því standa aðilar frá land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands, Háskólanum í Finnörku í Norður-Noregi, og Teagasc-rannsóknastofnuninni á Írlandi, en síðastnefnda stofnunin leiðir verkefnið. Samstarfsaðilar í hverju landi eru allmargir og koma úr röðum fyrirtækja, atvinnuþróunarfélaga, sveitarfélaga og annarra sem láta sig varða atvinnumál og byggðaðróun í sjávarbyggðum þátttökulandanna.

Á Íslandi verða vestfirskar sjávarbyggðir í brennidepli, enda sjávertengd ferðaþjónusta í mikilli uppbyggingu á Vestfjörðum. Samstarfs hefur þegar verið leitað við ýmis fyrirtæki og einstaklinga í ferðaþjónustu á svæðinu, sem hafa sýnt því mikinn áhuga. Háskólaþing Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða verða einnig aðilar að verkefninu. Í lok nóvember komu verkefnisaðilar frá aðildarlöndunum þremur saman í Háskólaþingi Vestfjarða á Ísafirði til að undirbúa ítarlega umsókn til NPP um þróunarverkefni í framhaldi af verkefninu.

Þróunarverkefnið beinist að áherslu 1 í Norðurslóðaáætlun 2007–2013, sem er "Efling nýsköpunar og samkeppnishæfni svæða". Því verður ætlað að leiða í ljós tækifæri til nýsköpunar og verðmætaaukningar í greinum sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda; að tengja saman menningararfleifð og staðbundna þekkingu heimafólks á auðlindum sjávar við sérfræðiþekkingu; að greina efnahagsleg áhrif, félagsleg áhrif og umhverfisáhrif af sjávarvæðingri ferðaþjónustu; og að stuðla að yfirfærslu þekkingar á þessu sviði til annarra byggðarlaga á því svæði sem Norðurslóðaáætlunin tekur til. Vonast er til að upp úr verkefninu spretti öflug samstarfsnet og hugmyndir um vörur og þjónustu sem þróa mætti áfram. Einnig er ætlunin að standa fyrir námskeiðum og ráðstefnum og almennt að leitast við að tryggja að nýsköpun í sjávarvæðingri ferðaþjónustu stuðli að sjálfbærri atvinnulífi og jákvæðri byggðapróun (Heimild Byggðastofnun).

2.3 Ímynd og gæði

Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á íslenski ferðaþjónustu. Skýr opinber stefnumótun skipti miklu máli við uppbyggingu greinarinnar. Mikilvægt er að gæðaeftirlit sé fyrir hendi, ásamt stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun. Forsætisráðherra skipaði nefnd í nóvember 2007 til að gera tillögur um hvernig megi styrkja ímynd Íslands. Nefndin lagði til að ímyndaruppbygging Íslands miðaði að því að skapa jákvæða og sterka ímynd af fólki, atvinnulífi, menningu sem og náttúru. Allir fyrrgreindu þættir eru fyrir hendi í frístundaveiði á Vestfjörðum. Ímyndin sem hefur orðið til í kringum frístundaveiði á Vestfjörðum er byggð á sönnum stöðum og er því orðin sterk. Því er mikið í húfi að vel takist til við að halda í þá ímynd og því skiptir máli að gæði og eftirlit sé í hávegum haft fyrir alla þá sem vilja vera í þessari atvinnugrein. Stýrihópurinn leggur til að Ferðamálastofa móti reglur um þessa nýju atvinnugrein í ferðaþjónustu. Þær reglur gætu mögulega fléttast inn í vinnu um endurskoðun laga um ferðamál.

3. Staðan í dag

Í dag eru tveir aðilar sem gera úr frístundafiskveiðibáta en það eru Hvíldarklettur ehf. og Sumarbyggð ehf. Bæði þessi fyrirtæki eru með starfsemi sína á Vestfjörðum. Búast má við aukningu í þessum geira og frést hefur af aðilum sem hyggja á umtalsverða starfsemi í ferðaþjónustu með frístundaveiðar sem stóran hluta starfseminnar, líkt og ofangreind fyrirtæki. Hvað varðar aðra báta en frístundafiskveiðibáta, þá liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um fjölda þeirra sem selja ferðir í sjóstangaveiði. Nokkrir aðilar sem selja skoðunarferðir á sjó bjóða einnig upp á sjóstangaveiði samhliða skoðunarferðunum, annað hvort sem hluta afþreyingar í skoðunarferðum eða sem sérstakar veiðiferðir á sjóstöng. En líkt og með frístundafiskveiðarnar þá hefur slík ferðaþjónusta verið vaxandi undanfarin misseri.

a. Umfang veiða frístundaveiðiskipa

Hjá Fiskistofu liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um afla frístundafiskveiðibáta enda eru þeir bátar með leyfi til veiða í atvinnuskyni og þurfa að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglum um stjórn fiskveiða, þar á meðal um vigtun og skráningu sjávarafila. Eins og áður hefur komið fram eru tveir aðilar í ferðaþjónustu sem bjóða upp á frístundafiskveiðar með sjóstöng. Í neðangreindri töflu má sjá afla frístundafiskveiðibáta árin 2007 og 2008.

Afli báta Sumarbyggðar ehf. í kg upp úr sjó.

Ár	Þorskur	Ysa	Ufsi	Steinbítur	Annað	Samtals
2007	37.929	835	6.867	1.329	15	46.975
2008	112.680	1.545	3.144	10.254	187	127.810

Afli báta Hvíldarkletts ehf. í kg upp úr sjó.

Ár	Þorskur	Ysa	Ufsi	Steinbítur	Annað	Samtals
2007	142.973	2.832	4.771	431	637	151.644
2008	107.557	3.147	1.115	3.906	78	115.803

Sumarbyggð ehf. er með 21 bát og Hvíldarklettur ehf. með 22 báta. Samanlagður afli frístundafiskveiðibáta þessara fyrirtækja árið 2007 voru 198.619 kg og var að stærstum hluta þorskur, eða 180.902 kg. Samanlagður afli þessara báta var 243.613 kg árið 2008 og af því var þorskur 220.237 kg. Magn annarra tegunda en þorsks var óverulegt.

b. Umfang veiða hvalaskoðunar- og sjóstangveiðibáta

Nokkur fyrirtæki í ferðaþjónustu reka báta og bjóða upp á skoðunarferðir á sjó, s.s. hvalaskoðun. Ekki er óalgengt að einnig sé boðið upp á veiðar með sjóstöng í slíkum ferðum. Stærri bátar í þessum flokki eru aðallega í hvalaskoðun og fjöldi farþega er 30 – 50 í hverri ferð. Dæmi eru um að fjöldi stanga um borð séu allt að 30 í stærri hvalaskoðunarbátum en afli þeirra, í hverri ferð, er sagður vera óverulegur. Aflinn hefur aðallega verið ufsi, lýsa og makrill, að hámarki ein karfa af fiski á dag, eða 30 – 40 kg. Ekki er veitt í öllum skoðunarferðum þessara báta.

Nokkuð er um að seldar séu ferðir sérstaklega í sjóstangaveiði og er þá er skipstjóri um borð og farið er með hóp gesta, oft 4-6 menn, í nokkurra klukkustunda ferð (2 – 6 klst.). Algengast er að 5 stangir séu um borð í þessum minni bátum. Einnig eru dæmi um að bátar sem öllu jafna eru í hvalaskoðunarferðum séu notaðir í slíkar ferðir en þá getur fjöldi farþega um borð verið á bilinu 10 – 40. Afli er sagður vera frá engu og upp í ca. 150 kg.

Þeir bátar sem hér um ræðir eru ekki með leyfi til veiða í atvinnuskyni og afli þeirra er ekki veginn eða skráður. Þekkt er að aflinn sé matreiddur að veiðiferð lokinni, ýmist um borð í veiðiskipi eða eftir að í land er komið en einnig taka ferðamenn aflann með sér í land til eigin neyslu. Því hefur einnig verið haldið fram að fiski sé í einhverjum tilfellum kastað fyrir borð. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda báta sem stunda veiðar í ofangreindum flokki og aflamagn þeirra er mjög óljóst. Vert er að hafa í huga að þó veiði í hverri ferð þessara báta sé oftast en ekki óverulegt er umnökkurt magn að ræða þegar allt er tekið saman. Eftirsóknarvert er að fá upplýsingar um afla sem veiddur er í ferðamennsku og mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa upplýsingar um umfang þeirra veiða.

4. Helstu niðurstöður starfshópsins

Á fundum starfshópsins hafa komið fram gagnlegar hugmyndir og skoðanir. Í meginráttum eru aðilar sammála um helstu atriði er málið varða. Þó liggur fyrir að aðilar eru ekki fullkomlega sammála um öll atriði, sér í lagi skilyrði er varða gerð fiskiskipa sem skuli eiga þess kost að fá leyfi til veiða í atvinnuskyni með sjóstöng.

Starfshópurinn er sammála um að gerður verði greinarmunur á aðilum í ferðþjónustu sem leggja annarsvegar markvisst stund á fiskveiðar (hópur B) og hinsvegar þeim sem eru með blandaða starfsemi (hópur A) þar sem sjóstangaveiðar eru óverulegar þáttur í þeirri afþreyingu sem í boði er. Mikilvægt er að mörkin milli þessara tveggja hópa séu afmörkuð með sem skýrustum hætti þannig að ljóst sé í hvorn flokkinn tiltekin starfsemi fellur og val aðila sé gert skýrt háð umfangi og eðli þeirrar starfsemi og þjónustu sem þeir bjóða upp á. Gert er ráð fyrir að heimild fyrir þá aðila sem bjóða upp á blandaða starfsemi til veiða verði takmörkuð annars vegar af leyfilegum fjölda sjóstanga um borð og hins vegar af fjölda fiska sem heimilt er að veiða.

Starfshópurinn er einnig sammála um að sá hópur sem markvisst leggur stund á og bíður upp á fiskveiðar þurfi þar með að leggja til aflaheimildir en sá hópur sem bíður upp á blandaða starfsemi, þ.e. ekki er gert út á sjóstangveiði sérstaklega, standi í raun utan við fiskveiðistjórnunarkerfið en þurfi að senda Fiskistofu mánaðarlega upplýsingar um veiddan afla.

Starfshópurinn er sammála um að hópur B hafi heimild til að fényta afla sinn en hópur A hafi ekki slíka heimild. Þá er starfshópurinn sammála um að leggja til að skylda til skráningar í afladagbók verði aflögð.

Hagsmunaaðilar telja máli skipta að slakað verði á kröfum er varða vigtun og skráningu sjávarafla og hafa lagt til að aflaheimildir séu bundnar við kennitölu fyrirtækis eða eitt af skipum þess og afli allra skipa verði skráður á sama skipið. Þetta hefði enn fremur það hagræði að ekki þyrfti að millifæra aflaheimildir. Fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Fiskistofu geta ekki stutt þessa tillögu þar sem rétt vigtun og skráning sjávarafla á viðkomandi veiðiskip er einn megin grundvöllur og forsenda gildandi fiskveiðistjórnunarkerfis.

Hagsmunaaðilar, sér í lagi fulltrúar Sumarbyggðar ehf. og Hvíldarkletts ehf., hafa lagt áherslu á að einungis frístundafiskiskipum verði heimilað að stunda frístundaveiðar sem takmarkast af aflamarki/krókaafلامarki. Ekki var samkomulag um þessa nálgun innan hópsins.

Með vísan til þess sem á undan hefur verið rakið og þess sem fram hefur farið á fundum starshópsins er eftirfarandi útfærsla kynnt:

Aðilum sem reka ferðþjónustu og nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða verði gert skylt að sækja um sérstakt leyfi Fiskistofu fyrir hvern þann bát sem ætlað er að nota í þessu skyni. Þá verði meðal skilyrða þess að Fiskistofa gefi út slíkt leyfi að fyrir liggi leyfi sem Ferðamálastofa hefur gefið út því til staðfestingar að umræddur aðili uppfylli þau skilyrði sem ferðamálayfirvöld kjósa að gera til þessarar starfsemi á grunni laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála.

Leyfi, útgefin af Fiskistofu, verði tvennskonar (A eða B) og einungis verði heimilt, innan sama fiskveiðiárs, að hafa annað hvort leyfið. Ekki er heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða. Þó er Fiskistofu heimilt að veita bátum tímabundin leyfi til frístundaveiða sem gildi fyrir tímabilið 1. maí - 31. ágúst enda stundi þeir ekki veiðar í atvinnuskyni innan þess tímabils.

Aðilar í ferðþjónustu sem vilja bjóða upp á sjóstangaveiði þurfa að uppfylla skilyrði þess að fá annað hvort neðangreindra leyfa og eru skuldbundnir til að halda sig innan þeirra marka eftir atvikum sem lög og reglur áskilja.

a. Frístundaveiðileyfi A (blönduð starfsemi).

Leyfi (A) tekur til þeirra aðila í ferðaþjónustu sem bjóða blandaðar ferðir s.s. hvalaskoðunarferðir og náttúruskoðun þar sem sjóstangveiði er einugis lítill hluti þeirrar afþreyingar sem boðið er upp á. Um er að ræða mjög takmarkaðan afla.

Gert er ráð fyrir að umrædd starfsemi verði háð sérstöku leyfi Fiskistofu og einungis verði heimilt að hafa tiltekinn fjölda stanga um borð í hverjum bát sem fær slíkt leyfi. Enn fremur að einungis verði heimilt að veiða tiltekinn fjölda fiska á dag. Óheimilt er að fénýta aflann en hann má nýta til eigin nota.

Mikilvægt er talið að skýr skilyrði séu fyrir útgáfu á leyfum þessum sem ætlað er að koma í veg fyrir að ferðaþjónustuaðilar sem með réttu ættu að vera í seinni hópnum (leyfi B), m.t.t. umfangs starfsemi sinnar, geti með málamyndagerningum komist í þennan hóp. Takmörkun á stangafjölda um borð og fjölda fiska sem leyfilegt er að veiða á hverjum degi er mikilvæg þar sem hún takmarkar þessa möguleika.

Rekstraraðili þarf að skila aflaskýrslum mánaðarlega til Fiskistofu þar sem fram kemur afli hvers mánaðar, þ.e. fjöldi og þyngd fiska af hverri tegund á hvern bát. Þessari framkvæmd er ætlað að tryggja betur upplýsingar um það hve margir aðilar í ferðaþjónustu bjóða sjóstangaveiði, hvar þeir landa og umfang þessarar starfsemi. Fiskistofa ætti þá möguleika á að skoða afla við löndun og gera athuganir við það hvort farið sé að lögum og reglum. Afli þessi telst ekki til aflamarks.

b. Frístundaveiðileyfi B (markvisst lögð stund á fiskveiðar).

Leyfi (B) tekur til þeirra aðila í ferðaþjónustu sem bjóða sérstakar ferðir til fiskveiða með sjóstöng eða umfang veiða í þeirri annari starfsemi eða þjónustu sem boðið er upp á er meira en gert er ráð fyrir í leyfi A. Leyfi þetta takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi báts en þó er gert ráð fyrir því að hverjum báti sé heimilt að landa tilteknu magni af þorski sem ekki reiknast til aflamarks/krókaafلامarks viðkomandi báts.

Gerð er krafa til þess að allur afli þessara báta skuli vegin í samræmi við gildandi ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafila. Þá verði handhafar þessa leyfa, vegna eðli starfseminnar, undanskildir ákvæðum laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og ekki þarf að liggja fyrir staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs vegna samnings milli útgerðar og áhanar vegna flutnings aflamarks til þessara báta.

4.1. Almenn skilyrði fyrir leyfum A og B

Almenn, önnur skilyrði, sem útgáfu leyfa til frístunaveiðibáta (leyfi A og B) eru þau að aðeins komi til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða eru á sérstakri skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Rekstraraðilar sem gera út báta til frístundaveiða skulu mánaðnaðarlega skila skýrslum til Fiskistofu um afla bátanna. Koma skal fram í þeim skýrslum hver afli einstakra báta var í hverri ferð og hvernig hann skiptist eftir tegundum. Enn fremur skal tilgreina í skýrslu hve margar sjóstangir og/eða handfæri voru notuð í hverri ferð. Magn afla einstakra báta sem hafa leyfi A skal áætlað eins nákvæmlega og unnt er. Rekstraraðili skal tryggja að afli báta með leyfi B sé

vegin og skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla. Ákvæði reglugerðar um 557, 6. júní 2007, um afladagbækur, gilda ekki um frístundaveiðar.

Skilyrði er að rekstraraðili, hverju sinni, kynni fyrir áhöfn báts þær reglur um takmarkanir, sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að bátur stundi frístundaveiðar, reglur um bann við brottkasti afla sem og meðferð hans.

5. Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn leggur til að á grunni þess sem framan greinir að aðilum í ferðþjónustu sem nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða verði gefinn kostur á því að velja á milli tvenns konar leyfa sem verði gefin út af Fiskistofu, þ.e. frístundaveiðileyfi A og frístundaveiðileyfi B. Handhafar frístundaveiðileyfis A standi að mestu utan við fiskveiðistjórnunarkerfið en þó innan þess ramma sem hér er lagður til. Handhafar frístundaveiðileyfi B þurfi hinsvegar að vera handhafar veiðiheimilda í aflamarki/krókaafلامarki fyrir afla sínum og fari að að gildandi reglum fiskveiðistjórnunarkerfisins að teknu tilliti til þeirra reglna sem sérstaklega ná til veiða frístundaveiðibáta.

Leggur starfshópurinn til eftirfarandi tillögu um reglur um frístundaveiðar:

REGLUR um frístundaveiðar

1.gr.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fényta hann á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaafلامarks, enda sé aflinn einungis fényttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

Þrátt fyrir ákvæði 1.mgr. er aðilum sem reka ferðþjónustu og nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í þessu skyni. Skilyrði fyrir veitingu frístundaleyfis er að aðili hafi leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73, 24. maí 2005 um skipan Ferðamála. Veiðar samkvæmt þessari málsgrein eru eingöngu heimilar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar.

Leyfi til frístundaveiða eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða allt að 5 fiska af kvótabundnum fisktegundum á hverja sjóstöng eða hvert færi dag hvern, sem ekki reiknast til aflamarks viðkomandi báts. Ekki fleiri en 5 sjóstangir og/eða

færarúllur mega vera um borð í þessum bátum og engin önnur veiðarfæri. Óheimilt er að selja þann afla eða fényta á annan hátt sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi báts. Þó skal hverjum báti heimilt að landa daglega 15 kg. af slægðum þorski sem ekki reiknast til aflamarks/krókaafلامarks viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla. Um afla þessara báta gilda ekki ákvæði laga nr. 24, 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs samkvæmt 4. tl. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja þann afla eða fényta á annan hátt þann afla, sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi samkvæmt 1. tl. eða samkvæmt 2. tl. 4. mgr.

2.gr

Við veitingu leyfa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Leyfi samkvæmt 2. tl. 4. mgr. 1. gr. skulu að jafnaði veitt til fiskveiðiárs í senn. Ekki er heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða. Þó er Fiskistofu heimilt að veita bátum tímabundin leyfi til frístundaveiða sem gildi fyrir tímabilið 1. maí - 31. ágúst enda stundi þeir ekki veiðar í atvinnuskyni innan þess tímabils.

3.gr.

Rekstaraðilar sem gera út báta til frístundaveiða skulu mánaðarlega skila skýrslum til Fiskistofu um afla bátanna. Upplýsingar skal senda á því formi sem Fiskistofa ákveður og eigi síðar en 15 hvers mánaðar vegna þess afla sem landað var næst liðinn mánuð. Koma skal fram í þeim skýrslum hve afli einstakra báta var í hverri ferð og hvernig hann skiptist eftir tegundum. Enn fremur skal tilgreina í skýrslu hve margar sjóstangir og/eða handfæri voru notuð í hverri ferð.

Magn afla einstakra báta sem hafa leyfi samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 1. gr. skal áætlað eins nákvæmlega og unnt er. Rekstraraðili skal tryggja að afli báta með leyfi samkvæmt 2. tl. 4. mgr. 1. gr. sé veginn og skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla.

Forstöðumenn sjóstangaveiðimóta skulu þegar að loknum mótum senda Fiskistofu skýrslu um heildaraflamagn á mótinu og skiptingu þess eftir tegundum.

Ákvæði reglugerðar um 557, 6. júní 2007, um afladagbækur, gilda ekki um frístundaveiðar.

4. gr.

Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir, sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar reglur um bann við brottkasti afla og meðferð hans.